

## Nefndarálit og þingsályktun um skýrslu biskups Íslands og stjórnar Þjóðkirkjunnar.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um skýrslu biskups Íslands og stjórnar Þjóðkirkjunnar ásamt ávörpum við setningu þingsins. Nefndin þakkar biskupi Íslands, forseta kirkjuþings og dómismálaráðherra fyrir ávörp þeirra við þingsetningu í Háteigskirkju. Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings, gerði m.a. málefni fræðslu, barna og ungmenna að umtalfni sínu svo og nauðsyn þess að sóknargjöldum sé skilað lögum samkvæmt. Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands, talaði m.a. um að bjart væri yfir framtíð kirkjunnar og greindi frá áherslum sínum í því sambandi. Guðrún Hafsteinsdóttir, dómismálaráðherra, ávarpaði þingið og talaði m.a. um rætur kristinnar trúar í sögu og menningu þjóðarinnar. Kirkjuþing samþykkir skýrslu stjórnar Þjóðkirkjunnar og biskups Íslands með eftirfarandi

### Þ i n g s á l y k t u n:

Kirkjuþing þakkar fráfarandi biskupi, sr. Agnesi M. Sigurðardóttur, fyrir störf sín og býður nýjan biskup, sr. Guðrúnu Karls Helgudóttur, velkomna til starfa og óskar henni velfarnaðar í störfum sínum. Einnig þakkar kirkjuþing stjórn og starfsfólki Þjóðkirkjunnar fyrir störf sín á árinu.

Kirkjuþing fagnar viðsnúningi í rekstri og að myndast hafi varasjóður. Einnig að öll þjónusta sé komin undir eitt þak og nýtt skipurit hafi öðlast gildi. Kirkjuþing tekur undir með stjórn um mikilvægi þess að unnin sé fasteignastefna svo og áætlun um viðhald fasteigna í eigu kirkjunnar.

Kirkjuþing tekur undir með biskupi Íslands um að biskup eigi að vera þátttakandi og styðjandi í lífi þjóðarinnar. Einnig að vel hafi tekist til við Kirkjudaga 2024, Sálmafoss og heiðursviðurkenningu Liljunnar þar sem 550 kórfélagar fengu viðurkenningu fyrir að hafa sungið í kirkjukór í 30 ár eða lengur. Einnig tekur kirkjuþing undir orð biskups um mikilvægi þess að eiga samtal við sóknir og að þær hafi aðgang að ráðgjöf og þjónustu á biskupsstofu.

*Samþykkt á kirkjuþingi 29. október 2024 og birt á opnum vef kirkjunnar sama dag.*

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.